



Hvað stendur aukinni framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands
16. september 2015

Hvað stendur aukinni framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

1. Efnahagslegur óstöðugleiki

2. Mótun og eftirfylgni regluverks

3. Samkeppnisaðstæður

4. Viðhorf og hvatar stjórnsýslu

Stöðugleiki í efnahagsmálum styður við framleiðni á fjölþættan máta

Áætlanagerð



- Stöðugleiki skapar **ríkari hvata til áætlanagerðar** til lengri tíma



Fjárfesting



- Stöðugleiki styrkir forsendur fyrir langtímafjárfestingu og **hækkar þannig fjárfestingastig**



Framleiðsluþættir




- Jafnvægi í efnahagsmálum leiðir til að **framleiðsluþættir færast þangað sem þeir nýtast best**

Störfum í innlendum þjónustugreinum fjölgaði á þensluárunum en hefur fækkað aftur í kjölfar hrunsins

Fjöldi starfandi

Breyting á fjölda starfandi, hlutfall af heildarfjölda starfandi




1 Fjármála- og tryggingaþjónusta, Mannvirkjagerð, verslun og viðgerðaþjónusta

2 Fiskveiðar, fiskvinnsla, hótél og veitingahúsarekstur

Á pensluárunum mynduðust störf einkum í innlendum þjónustugreinum vegna sterks raungengis ...

Fjöldi starfandi

Breyting á fjölda starfandi, 2003-2008



... en í kjölfar bankahruns og gengisfalls hafa störf fyrst og fremst myndast í útflutningsgreinum

Fjöldi starfandi

Breyting á fjölda starfandi, 2008-2014



Hvað stendur aukinni framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

1. Efnahagslegur óstöðugleiki

2. Mótun og eftirfylgni regluverks


3. Samkeppnisaðstæður

4. Viðhorf og hvatar stjórnsýslu

Í tillögum verkefnisstjórnar SRV er bent á brotalamir við mótun regluverks hérlendis

Samræmi í stefnu við reglusetningu

Skali 0 -20, 20=mest samræmi



Áskoranir

- Engin krafa um að **litið sé til alþjóðlegra staðla og reglna** áður en reglusetning fer fram
- Engin krafa um að **frávik séu útskýrð**
- Engir **samræmdir árangursmælikvarðar** innan ráðuneyta til að sporna gegn reglubyrði
- Regluverk er **of sjaldan endurskoðað** með tilliti til breyttra aðstæðna (engin sólarlagsákvæði)
- Aðlögunartími regluverks** er oft skammur

Afleiðingar

- Fjórar nýjar reglugerðir, lög eða önnur fyrirmæli á dag**, allan ársins hring, frá aldamótum
- Innleiðing tilskipana og reglugerða **gengur lengra í reglubyrði** en þörf krefur (EES plús)
- Áhrif breytinga á regluverki eru **ófyrirsjáanlegri og kostnaðarsamari** en ella

Skortur á skilningi og mati á heildaráhrifum löggjafar leiðir af sér ófyrirséðar áskoranir og vandamál

Regluverk getur haft óvæntar afleiðingar...




- Ýmis dæmi eru um að **afleiðingar regluverks gangi þvert á markmið** þeirra
 - Byggingareglugerð er ætlað að verja hagsmuni eigenda/leigjenda en hefur hækkað byggingakostnað verulega
 - Kvöðum á fjármálafyrirtæki er ætlað að verja neytendur en hafa aukið vaxtamun og aðgangshindranir

... og kemur harðast niður á minni aðilum

Hlutfallslegur kostnaður

% af heild, 0-9 starfsmenn=100




- Erlendar rannsóknir sýna að hlutfallslegur **regluverks- og eftirlitskostnaður lækkar hratt með aukinni stærð** fyrirtækja

Fyrirkomulag stofnanaumhverfis þyrfti að taka meira tillit til smæðar hagkerfisins

Eftirlitsstofnanir verða óhjákvæmilega hlutfallslega stórar vegna smæðarinnar...

Starfsmenn SKE á hverja milljón íbúa



... en engu að síður er reynt að viðhalda kerfi í takt við mun stærri hagkerfi


Starfsmenn á hverja milljón íbúa 	Fjármálaeftirlitið 	Umhverfisstofnun 	Matvælastofnun
Umboðsmaður skuldara 	Neytendastofa 	Talsmaður neytenda 	Mannvirkjastofnun
Fiskistofa 	Fjölmiðlanefnd 	Skipulagsstofnun 	Vinnueftirlit
Umferðarstofa 	Siglingastofnun 	Flugmálastjórn 	Samgöngustofa
Orkustofnun 	Geislavarnir ríkisins 	Lyfjastofnun 	Landlæknir
Ferðamálastofa 	Jafnréttisstofa 	Póst- og fjarskiptastofnun 	Einkaleyfastofan

Færri og stærri stofnanir gætu staðið betur undir hlutverki sínu

Stærð stofnunar
Fjöldi stöðugilda

Fjöldi stofnana

**Starfsfólk í
stoðþjónustu**
% af heildarfjölda



Ávinningur fyrir hið opinbera

- Aukin **hagkvæmni í rekstri**
- Aukið **fjármagn til ráðstöfunar** innan hvernar stofnunar
- **Faglegur ávinningur** í gegnum aukna sérhæfingu starfsfólks
- **Minni skörun verkefna** og skýrari ábyrgð

Ávinningur fyrir atvinnulífið

- Skýrari **stjórnsýsla**
- Einfaldari **samskipti og upplýsingamiðlun**
- Hraðari **málsmeðferð** og úrvinnsla beiðna

Jafnframt þyrfti að skerpa á verkaskiptingu við þróun og eftirfylgni regluverks til að tryggja skilvirkni og valddreifingu



Ráðuneyti



Stofnanir



Einkaaðilar




Hvað stendur aukinni framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

1. Efnahagslegur óstöðugleiki
2. Mótun og eftirfylgni regluverks
- 3. Samkeppnisaðstæður**
4. Viðhorf og hvatar stjórnsýslu

Stærðarhagkvæmni skilar að jafnaði umtalsverðri framleiðniaukningu


Framleiðni vinnuafis eftir stærð fyrirtækja (þús. USD á starfsmann, 2010)¹



¹ Meðaltal OECD ríkja

Smæð íslensks markaðar skapar áskoranir fyrir innlend þjónustufyrirtæki við að ná fram stærðarhagkvæmni

Íslenskir markaðir sem hlutfall af veltu stærsta fyrirtækis í Noregi (%)




Þröng skilgreining markaða hérlendis getur einnig staðið starfsemi fyrirtækja fyrir þrifum ...

Samanburður á stærð markaða (flatarmál tákna veltu)

Ísland Bandaríkin

Lyf


Öll lyf og
lækningavörur¹
(13 ma)



**Nasonex
nefúði
(140 ma)**

Dagvara


Allar drykkjar-
vörur
(18 ma)



**Orkudrykkir
(1100 ma)**


¹ Sá hluti sem greiddur er af einstaklingum

... einkum þegar ekki er gert ráð fyrir erlendri samkeppni sem borist hefur í gegnum upplýsingatæknibyltinguna



Oft má ná fram meirihluta ábata vegna stærðarhagkvæmni með samrekstri á litlum hluta virðiskeðjunnar


Dæmi fyrir virðiskeðju í fjarskiptageiranum



Þá mætti bæta framleiðni með því að nýta krafta samkeppni víðar og draga úr samkeppnisröskunum

Takmörkuð samkeppni

Landbúnaður



Heilbrigðis- og menntakerfi



Óheilbriggt samkeppnis-umhverfi


Smásala



Póstdreifing



Að lokum skiptir sköpum að ryðja viðskiptahindrunum úr vegi til að greiða fyrir enn frekari samkeppni



Helstu viðskiptahindranir

- Þrátt fyrir að **tollvernd** sé að þróast í rétta átt er enn langt í land
- **Gjaldeyrishöft** skapa veigamikla viðskiptahindrun og skekkja ráðstöfun framleiðsluþátta hagkerfisins
- Draga má úr öðrum viðskiptahindrunum með **fjárfestinga- og fríverslunarsamningum**

Hvað stendur aukinni framleiðni í innlenda þjónustugeiranum fyrir þrifum?

1. Efnahagslegur óstöðugleiki
2. Mótun og eftirfylgni regluverks
3. Samkeppnisaðstæður
- 4. Viðhorf og hvatar stjórnsýslu**

Ýmsar áskoranir í umgjörð regluverks og eftirlits má rekja til viðhorfa og hvata innan stjórnsýslu

1 Áhættufælni

- Tjón vegna ófullnægjandi regluverks er mun ápreifanlegri en tjón vegna íþyngjandi regluverks. Embættismenn hafa því **hvata til áhættufælni og miðstýringar**.
 - D: Áhersla á leyfi fremur en tilkynningarskyldu

2 Sveigjanleiki

- Lagabókstafurinn hefur gjarnan forgang á meðalhóf, enda **að mörgu leyti einfaldara**.
 - D: Pappírsdiskar á Austurlandahraðlestinni

3 Kostnaðarvitund

- Skortur á **árangursmælikvörðum** skapar takmarkaðan hvata til kostnaðarvitundar í tengslum við reglubyrði.
 - D: Lágmarksstærð á íbúðum/hjónaherbergjum

4 Leiðsögn

- Skortur á **trausti gagnvart atvinnulífinu** virðist koma í veg fyrir fyrirbyggjandi leiðsögn og upplýsingagjöf.
 - D: Gjaldeyriseftirlit, SKE og RSK

5 Metnaður

- Persónulegur metnaður embættismanna **getur staðið í vegi fyrir jákvæðum breytingum** (t.a.m. ef það dregur úr umfangi verkefna eða vægi stofnana)



Hvað getur “atvinnulífið” gert til að efla framleiðni í innlenda þjónustugeiranum?



Atvinnulífinu verður seint miðstýrt og á endanum ræðst hegðun fyrirtækja af þeirri umgjörð sem þeim er sniðin

**Hagsmunasamtök atvinnulífsins
geta þó unnið að ýmsu:**

- Lagt lóð sín á vogarskálarnar til að auka efnahagslegan stöðugleika
- Hlutverk á vinnumarkaði
- ✓ Hvatt fyrirtækjastjórnendur til ábyrgrar hegðunar sem eflir traust
 - Stjórnarhættir
 - Upplýsingagjöf og gagnsæi
 - Samkeppnisréttaráætlanir
 - Samstarf gegn skattaundanskotum



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS